**Íslenska – yngsta stig**

Á **krakkavefjum mms.is** er fjöldi íslenskuforrita sem þjálfa meðal annars stafaþekkingu, lestur, rím, stafsetningu og lesskilning. Slóðin á krakkavefina er https://mms.is/krakkavefir og í flettiflipa á miðri síðu vinstra megin er valin námsgrein til að afmarka hvers konar forrit óskað er eftir að sækja.

Á **Skólavefnum**, http://skolavefurinn.is, er ógrynni námsefnis í fjölmörgum greinum sem hægt er að vinna rafrænt eða prenta út. Efnið og framsetning þess er af ýmsum toga, þar má nefna efni sem er upplesið, myndrænt, með gagnvirkum æfingum, myndbandsskýringum og stækkanlegu letri. Hægt er að leita að efni eftir aldurshópi eða námsgrein og geta notendur því stjórnað þyngd efnis með vali sínu. Einnig er á vefnum afþreyingar- og fróðleiksefni fyrir alla aldurshópa. Áskrift að Skólavefnum kostar 1690 krónur á mánuði fyrir heimili. Slóðin á námsefni í íslensku er http://skolavefurinn.is/namsgreinar/islenska.